

## Ársskýrsla Bókasafns Grindavíkur fyrir árið 2003

Í mars 2003 var stjórn bókasafns Grindavíkur færð undir Menningarnefnd, sem nú nefnist Menningar- og bókasafnsnefnd, í henni sitja: Guðbjörg Ásgeirsdóttir, formaður (D), Kristjana Jónsdóttir, ritari (S) og Einar Lárusson, meðstjórnandi (B).

Breytingar urðu á starfslíði safnsins á árinu, þegar Fanney Pétursdóttir var ráðin við skólasafn Grunnskólans og Aldís Guðlaugsdóttir tók við 40% stöðu hennar hér.

### *Safnkostur og þjónusta*

Bækur eru nú tæplega 14.000 bindi, auk annars safnkosts. Skírteinishafar teljast 1380, en þó nokkrir eru óvirkir. Afgreiðslutíma á laugardögum var breytt í október 2003, er nú frá kl. 11:00 til kl.13:00 frá október og fram í apríl (var 10:00-12:00). Virðist þetta ætla að skila sér í betri nýtingu.

### *Útlán og talning á komum*

Útlán á árinu voru tæplega 15.600 eintök, ívið meira en á síðasta ári. Þau skiptast þannig: skáldsögur um 6700, barnabækur tæplega 3200, fræðibækur og ævisögur rúmlega 4300 og annað efni fór samtals út í tæplega 1400 eintökum. Gleðilegt er að aukningin milli ára virðist koma að mestu með útlánnum barnabóka, eða um 400 eintök, sem staðfestir að heimsóknir barna á safnið hafa aukist talsvert, en þau lásu meira en venjulega síðasta sumar. Við erum rétt undir meðallagi með um 7 bækur á íbúa en landsmeðaltal 1997 var 7,8 bók á íbúa. Í stærstu bókasöfnunum síðustu ár er meðaltalið þó 10-14 útlán á íbúa, en þar er stór hluti útlána í myndböndum, sem ekki er hér. Gestir safnsins voru að meðaltali 217 manns á viku, þó eru alltaf fleiri á veturna og færri á sumrin.

### *Fastir liðir og sérstakir viðburðir*

Í febrúar var farið af stað með **mánaðargetraun bókasafnsins** fyrir 9-12 ára börn. Hún miðar að því að kenna krökkunum að rata um safnið og finna það sem þá vantar. Þátttaka varð strax góð, eða rúmlega 40 krakkar. Hlé var gert í sumar en í haust var byrjað aftur og hefur þátttakan verið afar góð. Alls tóku 72 þátt í desember, sem var met ársins. Bæjarstjóri annast útdrátt og fá krakkarnir bókaverðlaun. Í haust var leitað til stóru fyrirtækjanna í Grindavíkurbæ með beiðni um að styrkja þessi bókakaup og brugðust tvö vel við þeirri umleitan.

**Bókavikan** stóð dagana 23.-29. apríl og **Dagur bókarinnar** var 23. apríl, þá var boðið upp á dagskrá í Kvennó. Grunnskólanemendur lásu ljóð og nemendur Tónlistarskólans léku tónlist. Kennarar Tónlistarskólans sungu einnig nokkur létt lög. Sumardaginn fyrsta, var svo boðið upp á leiksýninguna *Skuggaleik*, fyrir börnin og mættu um 120 manns.

**Vika símenntunar**, í byrjun september, var með hefðbundnu sniði. Þöll, samstarfshópur um barnamenningu á bókasöfnum, efndi til ljóðasamkeppni um allt land, fyrir ungt fólk á aldrinum 9-16 ára, **Ljóð unga fólksins 2003**. Þátttakendur frá Grindavík voru 12. Verðlaun voru afhent í Reykjavík í tengslum við Dag íslenskrar tungu 16. nóvember 2003. Vinningsljóðin ásamt úrvali ljóða úr keppninni voru gefin út á bók, sem er nú til á bókasafninu.

**Norræna bókasafnavikan** stóð dagana 10. til 16. nóv. Þema vikunnar var sjálft hafið og var bókasafnið skreytt samkvæmt því. Meðal annars var sett upp fiskabúr með smáum

sandhvefum. Sjóræningjakista með gulli og gersemum vakti áhuga yngstu kynslóðarinnar. Norrænar bókmenntir, þar sem hafið kemur við sögu, voru settar í sviðsljósið.

Grindavík, 19. febrúar 2004,

Margrét R. Gísladóttir, forstöðumaður